

mátt: 31, 1966

Vesturlandsumdæmi.

S T A R F S S K Ý R S L A

1 9 6 5

Daniel Kristjánsson
skógarvörður.

S T A R F S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1965.

Veðrátta: Frá áramótum til sumarmála var tíð afbragðs góð, engin stórvíðri og úrkomulítið. Snjóalög voru lítil. Maímánuður var hinsvegar kaldur og greri seint, enda klaki í jörð fram undir mánaðamót maí-júní, og raunar lengur í Norðtunguskógi, þar sem mosi er mikill. Júnímánuður var góður, og síðari hluti þess mánaðar og fram eftir júlí er heitasta tímabil að sögn margra. Hiti í Norðtunguskógi komst marga daga í röð yfir 20° á C. - mest mældist hiti 27° . Hinsvegar var oft kalt um nætur, mismunur á hita dags og nætur mikill. Framhald á góðri tíð var hér í Borgarfirði allt til áramóta, en mikil frost.

Þrátt fyrir gott sumar fraus þó í öllum mánuðum ársins, þótt ekki væri mikið, en kartöflugras féll á stöku stað snemma í ágúst.

Vöxtur á eldri trjáplöntum var ágætur. Vöxtur á rauðgreni við Hreðavatn mældist allt að 40 cm., en margar rauðgreniplöntur með frá 25 og upp yfir 30 cm. árssprota. Mestan ársvöxt á sitkagreni mældi ég í Ytrafellsskógi, 58 cm.

Töluberður maðkur ásækir birkið, og virðist sá ófögnuður endurtaka sig fleiri ár í röð.

Skógur grænkaði um mánaðamót maí-júní, en lauffall varð 20.-25. sept. Vert er að geta þess að birkireitur við Hreðavatn sem er um 20 ára gamall, en þar eru einvörðingu tré af fræi úr Bæjarstaðaskógi, grænkar nokkrum dögum fyrr á hverju vori en heima-birki í Borgarfirði, og í haust fél lauf í þessum reit ekki fyrr en um 20. okt.

Starfsfólk: Alls störfuðu 14 við skógræktina, lengri eða skemmri tíma, flest unglingsstúlkur. Störf hófust í maí og lauk 18. sept., verkafólk aðeins nokkra daga eftir það. Eftir það vann ég í Norðtunguskógi einn það sem gera þurfti.

Vinnulaun eru um 236.000.00 kr. auk flutningskostnaðar, bensíns, áburðar og margs fleira.

Helztu verk sem unnin voru: Við græðireitinn er mesta vinnan. Gróðursetning í Hvammi og Norðtunguskógi. Grisjun í Jafnaskarðs- Hvamms- og Norðtunguskóginum. Ný girðing að Hreimsstöðum, viðgerðir á eldri girðingum. Áburðargjöf, úðun með lyfjum og fleiri verk sem ávallt eru nauðsynleg.

Byggingar voru engar, en þak á húsinu í Norðtunguskógi var málað og fleiri nauðsynlegar endurbætur voru gerðar. Þá var skipt um vatnsdælmótor, en eldri mótorinn var ónýtur, enda fenginn gamall.

Girðingar: Girt var ný girðing að Hreimsstöðum í Norðurárdal í stað þeirrar gömlu er var ónýt. Girðingen er 1050 m, girt úr vönduðu nýju efni, járnstaurar, vírnet, gaddavír og bikaðar renglur.

Þá voru gerðar nauðsynlegustu umbætur á eldri girðingum, einkum er reynt eftir föngum að halda við þeim girðingum sem búið er að gróðursetja í.

Tölverðum erfiðleikum veldur hve Hreðavatn þornar undanfarin sumur og er oft erfitt að verja Jafnaskarðsgirðinguna af þeim sökum, einnig vegna ferðafólks sem skilur oft eftir opin hlið.

Girðingen um Sauðhússkóg er ónýt og verður þar annað tveggja að leggja girðinguna niður sem skógræktargirðingu eða gera hana upp að nýju.

Gróðrarstöð í Norðtunguskógi: Dreifsettar voru 108.120 plöntur alls.

Plönturnar skiptast þannig:

Frá Vöglum	rauðgreni	45.070
- Hallormsstað	rauðgreni og sitkagreni	59.050
- Hallormsstað	birki þæjinni 2/4 3/4	3.000
- Vöglum	birki þæjinni 3/4 2/4	1.000

Því miður liggja ekki fyrir upplýsingar um uppruna plantnanna og frá Hallormsstað vantar einnig samanburðartölur, en þessar upplýsingar koma bráðlega.

Teknar voru úr reitnum: Sitkagreni 2/4 (Cordowa) 11.500
Brodd og blágreni 2/4 4.700
Samtals 16.200

Plöntur til afhendingar á árinu 1966 verða 2/2 Sitkagr. (Homer) 12.000
2/2 rauðgr.(Rissa) 8.000
Samtals 20.000

Þetta verður síðsumargróðursetning.

Allur reksturskostnaður græðireitsins reyndist kr. 114.880.86. Tíð var óhagstæð fyrir rekstur stöðvarinnar í summar. Plönturnar komu seint og þurrkar og hitar voru á þeim tíma svo miklir að erfitt reyndist að fullnægja vökvun sem nausynlegt var.

Gróðursetning, grisjun og áburður: Á vegum Skógræktar ríkisins var gróðursett sem hér greinir:

Hvammur í Norðurárdal:

(Vöglum) Rauðgreni	2/4 (Grane)	5.000	plöntur
(Vöglum) Stafafura	3/2 (Skagway)	1.000	-
	Samtals	6.000	

Norðtunguskóður:

Vöglum	Rauðgreni	2/4	(Grane)	5.000	plöntur
-	Stafafura	3/2	(Skagway)	17.000	-
Norðtungu	Sitkagreni	2/4	(Cordowa)	11.500	-
-	Brodd og blágreni	2/4		4.700	
					Samtals 38.200 plöntur

Alls hafa verið gróðursettar 44.200 plöntur.

Grisjun: var framkvæmd í Hvammsgirðingu. Einnig var grisjað í Jafnaskarðsskógi frá eldri gróðursetningu. Grisjað var í nágrenni græðireitssins í Norðtunguskógi og er kjarrið sem fellur notað til skjóls í græðireitnum að vetrarlagi. Áburður var borinn að plöntum í Norðtunguskógi.

Lyfjanotkun. Að þessu sinni var framkvæmd dreifing á lyfi til útrymingar á furulús. Var sprautað í Jafnaskarðs og Norðtunguskóum eftir fyrirsögn Hauks Ragnarssonar tilraunastjóra. Ekki er hægt að segja um árangur að svo komnu, en það er von okkar að næsta sumar verði góður árangur kominn í ljós.

Vegagerð var engin að kalla, aðeins borið ofaní afleggjara heim að græðireitnum.

Störfin voru með svipuðum hætti og undanfarin ár. Ég annaðist framkvæmdir fyrir Skógræktarfélag Borgarfjarðar og vísast til skýrslu félagsins sem send hefur verið á skrifstofu Skógræktarinnar.

Störf skógræktarinnar eru háð veðurfari, hvenær hægt er að hefja útistörf að vorinu og var það seint í maí sem hægt var að byrja fyrir alvöru. Ennfremur er erfiðleikum bundið að fá vinnukraft fyrr en í júní, þegar unglingar koma úr skólunum.

Frá því í maí og þar til síðast í september var ég í Norðtunguskógi þar sem aðalbækistöð skógræktarinnar er á þessum slóðum, en þaðan fer ég svo lengri eða skemmti ferðir með fólk til vinnu um héraðið eða lengra ef með þarf.

Ég var fjarverandi í 185 daga - flesta í Norðtunguskógi og héraðinu, en auk þess fór ég margar ferðir til fjarlægari staða og eru þessar helztar: 10. febr. fór ég á Akranes, 22. - 27. febr. var ég á skógarvarðafundi í Reykjavík, 25. apr. á skógræktarfundi, 30. apr. fór ég með skuggamyndir í Brún á vegum skógræktarfélagsins, 7. maí fór ég út fyrir Skarðsheiði, 25. maí ferð í Dalasýslu, 9. júlí í Leirár- og Melasveit, 14. júní kennið ég gróðursetningu í Húsmæðraskólanum á Varmalandi, 19. júní var ég við gróðursetningu að Hvammi í Döllum, 11. júlí fór ég í ferðalag með félögum úr Skógræktarfél. Borgarfjarðar í Fossvog, Heiðmörk og Hellisgerði. 27. apr. fór ég með skuggamyndir og talaði í Barnaskólanum Varmalandi.

27. - 29. ágúst var ég á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Blönduósi, 11. okt. fór ég í Yttafellsgirðingu í Dalasýslu.

Ímislegt: Ferðamannastraumur eykst stöðugt og verður að hafa vakandi auga með umgengni í skóglöndum að sumrinu og allt fram á haust.

Fólki fækkar stöðugt í sveitunum og af því leiðir vaxandi erfiðleika í félagslegu tilliti og fer skógræktin ekki varhluta af því.

Nokkrir skógræktarmenn, og þar á meðal skógræktarstjórin Hákon Bjarnason, komu við í Norðtunguskógi í summar. Baldur Þorsteinsson og Snorri Sigurðsson komu og mældu nokkrar skógræktargirðingar. Haukur Ragnarsson tilraunastjóri kom og leiðbeindi um útrýmingu á furulús og var með í starfinu í two daga.

Heimsóknir og störf allra skógræktarmanna eru mér karkomnar og lærdómsríkar.

Um eldri mannvirki Skógræktarinnar sem ekki hefur verið sinnt um að endurnýja, en eru úr sér gengin sökum elli, vísa ég til fyrri skýrslna um álit mitt á því hvað gera beri.

Ég þakka skógræktarstjóra og starfsfólki Skógræktarinnar fyrir samstarfið á árinu.

Hreðavatni, á gamlársdag 1965

Dauill Þorláksson